



**Viðhorfskönnun leikskólastjóra Leikskóla Reykjavíkur
vegna
vefsíðu og innra vefs**

Reykjavík í október 2004.

Samantekt á niðurstöðum

Inngangur

Leikskólar Reykjavíkur leitast stöðugt við að efla og bæta upplýsingaþjónustuna við foreldra og starfsfólk. Einn mikilvægasti þátturinn í upplýsingamiðlun er heimasíða Leikskóla Reykjavíkur og innri vefur. Heimasíðunni er fyrst og fremst ætlað að þjóna foreldrum og starfsmönnum, en innri vefur er fyrir starfsmenn. Til að fá skoðun starfsmanna á heimasíðunni og innri vef, hvernig upplýsingar nýtast og hvernig gangi að finna upplýsingar, var ákveðið að gera viðhorfskönnun með tilliti til framangreindra atriða.

Rannsókn

Könnunin stóð yfir frá 27. ágúst til 9. september 2004 og fór úrvinnsla gagna fram með vefkönnunarkerfinu *Otcome*, en úrvinnsla gagna fer fram á veraldarvefnum. Í úrtaki könnunarinnar voru allir leikskólastjórar Leikskóla Reykjavíkur, þ.e. samtals 77, þar sem spurt var um álit og hversu ánægðir leikskólastjórar væru með heimasíðu og innri vef Leikskóla Reykjavíkur. Svör bárust frá 74 leikskólastjórum eða 96.10% svarenda. Auk þess voru tekin djúpvíðtöl við tvo leikskólastjóra.

Helstu niðurstöður

Niðurstöður könnunarinnar eru mjög jákvæðar fyrir Leikskóla Reykjavíkur, þar sem 93.24% aðspurðra eru ánægðir með heimasíðuna og 81.08% eru ánægðir með innri vefinn.

Tvær opnar spurningar voru í viðhorfskönnuninni, þar sem svarendur voru beðnir um álit á vefunum, sagt með eigin orðum. Tæplega 25% svarenda komu með ábendingar um heimasíðuna og rúmlega 25% svarenda komu með ábendingar um innri vefinn. Flestar ábendingarnar, ásamt niðurstöðum úr viðtölunum koma að góðu gagni við að gera góðar vefsíður betri.

Meðfylgjandi er rannsóknarskýrslan gerði í *Otcome*.

Eftirfarandi eru helstu atriði og ábendingar um það sem vel er gert og betur má fara á heimasíðunni og innri vef.

Álit og athugasemdir - samantekt

Heimasíða Leikskóla Reykjavíkur

- Svarendur bentu á að heimasíðan og innri vefurinn væru mjög góð og með mikið af upplýsingum.

- Heimasíðan verður betri og betri.
- Vefurinn er einfaldur og vel upp settur.
- Útlitið á vefsíðu Leikskóla Reykjavíkur hentar mér betur heldur en allt þetta á vefsíðu Reykjavíkurborgar.
- Persónulega finnst mér leiðinlegt að fara inn á vefi sem eru ofskreyttir.
- Mér finnst fréttasíðan með myndunum mjög góð sem byrjunarsíða, en ég vil að síðan þar sem myndirnar eru ekki komi ekki upp.
- Svo tók ég eftir því að ég kemst ekki inn á innri vef Reykjavíkurborgar heiman frá mér.
- Það sem ég hugsaði um er myndin – bannerinn. Börnin sitja við borð og þetta er dæmigerður skólastíll. Svona mynd segir að þau sitji við borð með verkefni. Þetta stingur mig af því ég er alltaf að reyna að halda í leikinn og frjálsræðið og að þau vinni svona vítt.
- Stöðugt er verið að bæta við gögnum sem handhægt er að nálgast á netinu s.s. eyðublöðum, skýrslum o.fl.
- Það var eitt sem ég tók eftir um daginn. Við eigum að gera skráningu eða sérskráningu um lúsina. En ég fann hana ekki þarna inni. Ég vil fá um lúsina á íslensku á vefinn.
- Erfitt að komast á innri vefinn.
- Mér finnst stór galli að það skuli ekki vera krækja frá heimasíðu Leikskóla Reykjavíkur beint inn á innri vef Reykjavíkurborgar.
- Það kom ítrekað fram að krækja þyrfti að vera á heimasíðu Leikskóla Reykjavíkur inn á innri vef.
- Gefast upp á að nota innri vefinn, of löng leið og slóðin á innri vefinn ekki til staðar.
- Mætti vera auðveldara að finn upplýsingar um leikskólana .
- Mætti vera flipi á mentor.is
- Það væri gott að fá fundargerðir leikskólastjórafunda á innri vefinn og þá væri hægt að leita í þeim.
- Vantar meiri upplýsingar um leikskólana eins og námskrár.
- Það mætti vera aðgengilegra að finna netföng starfsmanna Leikskóla Reykjavíkur.
- Það væri gott að hafa mynd af starfsfólki skrifstofu.

Innri vefur

- Innri vefur í góðri þróun þar sem auðvelt er að nálgast gagnlegar upplýsingar á auðveldan hátt.
- Vantar krækju á innri vef.
- bæta við eyðublaði f. breytingu á dvalartíma.
- Ég vil gjarnan fá breytingar / nýjar uppfærslur á handbók leikskólastjóra sendar til mín svo að ég sjái breytingar og geti fylgst betur með.
- Mér finnst handbókin frekar óskipulögð, þ.e. oft er erfitt að finna það sem leitað er að og er jafnvel spurningin um að endurskipuleggja hana. Einnig eru ýmis gögn orðin frekar gömul.
- Passa þarf að uppfæra upplýsingar og verklagsreglur um leið og þær eru gefnar út - á nokkrum stöðum eru gamlar upplýsingar í handbókinni.
- Sumar upplýsingar sem ég held að eigi að vera á innrivesnum er ég ekki þar að finna t.d. rammasamningarnir. En það eru fullt af góðum upplýsingum þar.

- Stundum vantar eyðublöð.
- Þyrfti að hafa öll eyðublöð á sama stað.
- Fimm ára gjaldið er ekki á innri vef.
- Gjaldskráin á innri vef er frá 2003.
- Úthlutun úr Námsstyrkja sjóð er gamalt í handbókinni.
- Það er sagt t.d. um námskeiðsdagana hjá okkur að það sé annað hvert ár sem hver leikskóli heldur, en síðan sé það hverfið sem heldur. Það hefur ekki verið þannig síðan 1999 eða 2000.
- Þegar ekki er uppfært þá er upplýsingunum ekki að treysta.
- Það mætti kannski senda leikskólastjórum yfirlit og krækjur í það sem er nýtt og uppfært.
- Ég nota mikið handbókina og eyðublöð.
- Ég geri mér fyrst núna grein fyrir því hvað það er rosalega mikill fróðleikur þarna. Það sem háði mér var það að þurfa að fara inn á Reykjavíkursíðuna og leita að þessu.

Viðhorfskönnun

Einkennisnúmer könnunar 3810

Tegund könnunar Póstkönnun

Gerð virk

- Þann 8/27/2004 2:58:55 PM var könnunin gerð virk og send til 77 viðtakendur.

Ítrekanir

Framkvæmd

- Þann 9/9/2004 3:25:03 PM var könnunin endursend til 4 viðtakendur.
- Þann 9/8/2004 9:35:27 AM var könnunin endursend til 8 viðtakendur.
- Þann 9/6/2004 1:38:38 PM var könnunin endursend til 13 viðtakendur.
- Þann 9/3/2004 10:07:37 AM var könnunin endursend til 22 viðtakendur.
- Þann 8/31/2004 2:09:22 PM var könnunin endursend til 39 viðtakendur.

Síðasta svörun 9/10/2004 10:20:02 AM


Fjöldi í úrtaki 77

Fjöldi svarenda 74





Fjöldi sem hefur ekki svarað 3

Svarhlutfall 96.10%

Hvernig finnst þér heimasíða Leikskóla Reykjavíkur?	Svör	Svarhlutfall
Mjög góð	23	31.08%
Frekar góð	46	62.16%
Hvorki né	5	6.76%
Frekar slæm	0	0%
Mjög slæm	0	0%
Samtals	74	100.00%



Hversu oft skoðar þú heimasíðu Leikskóla Reykjavíkur?	Svör	Svarhlutfall
Mjög oft (2-3 í viku)	42	57.53%
Oft (2-3 í mánuði)	28	38.36%
Sjaldan (sjaldnar en 1 í mánuði)	3	4.11%




Hvað finnst þér um innri vef Leikskóla Reykjavíkur á innri vef Reykjavíkurborgar?		Svör	Svarhlutfall
Mjög góður		20	27.03%
Frekar góður		40	54.05%
Hvorki né		13	17.57%
Frekar slæmur		1	1.35%
Mjög slæmur		0	0%
Samtals		74	100.00%

Hversu oft skoðar þú innri vef Leikskóla Reykjavíkur?		Svör	Svarhlutfall
Mjög oft (2-3 í viku)		19	26.03%
Oft (2-3 í mánuði)		43	58.90%
Sjaldan (sjaldnar en 1 í mánuði)		11	15.07%
Aldrei		0	0%
Samtals		73	100.00%

Hvernig gengur að finna upplýsingar á innri vef Leikskóla Reykjavíkur?		Svör	Svarhlutfall
Mjög vel		12	16.44%
Frekar vel		40	54.79%
Hvorki né		14	19.18%
Frekar illa		7	9.59%
Mjög illa		0	0%
Samtals		73	100.00%

Ertu ánægð með Handbók leikskólastjóra á innri vef Leikskóla Reykjavíkur?		Svör	Svarhlutfall
Mjög ánægð		17	23.61%
Frekar ánægð		39	54.17%
Hvorki né		15	20.83%
Frekar óánægð		1	1.39%

Mjög óánægð




0 0%

Samtals 72 100.00%

Ábendingar og athugasemdir við innri vef Leikskóla Reykjavíkur.

Svör Svarhlutfall

Nei



44 74.58%

Já


15 25.42%

Samtals 59 100.00%

Hve lengi hefur þú starfað sem leikskólustjóri?

Svör Svarhlutfall

1 - 5 ár



21 28.77%

6 - 10 ár

15 20.55%

11 ár og meira


37 50.68%

Samtals 73 100.00%

Hefur þú lokið framhaldsnámi tengdu leikskólustjórarstarfinu?

Svör Svarhlutfall

Já



41 55.41%

Nei

33 44.59%

Samtals 74 100.00%